

## 54. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 28. nóvember 2024 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

### Viðstaddir:

Berglind Kristjánsdóttir, fulltrúi Keilis

Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar

Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundir og uppákomur

Forstöðumaður sagði frá þeim fundum og uppákomum sem hafa verið haldnir frá síðasta stjórnarfundum. Þar á meðal starfsgreinakynningu fyrir grunnskólanemendur sem setrið sá um skipulagningu og framkvæmd á fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og haldin var í lok september, Evrópufund Unesco Global Geoparks sem haldinn var í Hljómahöll í byrjun október og forstöðumaður og verkefnisstjóri setursins sóttu, lokafund INTERACT III sem forstöðumaður sótti í Svíþjóð í byrjun nóvember og vel sóttu hrekkjavökuuppákomu sem haldin var í lok október í Þekkingarsetrinu.

#### 2. Samningsmál HVIN

Forstöðumaður fór yfir stöðu samningagerðar við HVIN sem þokast áfram. Vonast er til að nýr samningur til þriggja ára verði undirritaður mjög fljótlega.

#### 3. Aðrir samningar

Forstöðumaður fór yfir stöðu annarra samninga sem setrið á aðild að eða eru í undirbúningi.

#### 4. Rekstraráætlun 2025

Forstöðumaður kynnti drög að rekstraráætlun fyrir árið 2025 sem stjórn samþykkti samhljóða.

## 5. Önnur mál

- a) Forstöðumaður lagði hugmynd að jólagjöf starfsmanna fyrir stjórn, og var hún samþykkt samhljóða.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn fimmtudaginn 20. febrúar kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - sign

---

Berglind Kristjánsdóttir - sign

---

Guðmundur Grétar Karlsson - sign

---

Sindri Gíslason - sign

---

Halldór Pálmar Halldórsson - sign

---

Hanna María Kristjánsdóttir - sign